

REGLUGERÐ**um stöðvun veiða í þorskfisknet.**

1. gr.

Frá og með 1. maí 1979, eru afturkölluð öll þorskfisknetaveiðileyfi frá yfirstandandi vetrarvertíð fyrir þá báta sem stundað hafa veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Eystrahorni, og að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Horni.

2. gr.

Frá og með 13. maí 1979 til og með 20. maí 1979, eru óheimilar allar veiðar í þorskfisknet. Veiðibann þetta gildir þó ekki fyrir báta, sem gerðir eru út á NA-landi, á svæðinu frá Raufarhöfn að Gerpi.

3. gr.

Yfirbyggðum loðnuskipum, sem loðnuveiðar hafa stundað á þessu ári, eru óheimilar veiðar í þorskanet frá 1. maí til 15. júlí 1979.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26 apríl 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 1 200.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 695.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 1 995.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 283 870.00

Hús 300—2 000 m³ kr. 283 870.00 fyrir hverja 300 m³ og kr. 212.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 637 170.00 fyrir 2000 m³ og kr. 178.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 28 600.00

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum 62 frá 30. apríl 1973 um jöfnun flutningskosnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 5 600.00 frá 1. maí 1979, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 25. apríl 1979.

F. h. r.

Yngvi Ólafsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald: